

Ytra mat grunnskóla

Grunnskólinn á Þingeyri

maí 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Ísafjarðarbæ.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2336-4

Innihald

Samantekt niðurstaðna.....	4
Skólaprófill	7
Upplýsingar um Grunnskólann á Þingeyri	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvinna um stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samvinna	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2. Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka	18
Þáttur 3 – Innra mat.....	20
3.1 Skipulag.....	20
3.2 Framkvæmd.....	20
3.3 Umbætur	20

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum á Þingeyri sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrír fyrirfram ákveðnir matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum, jákvæðan skólabrag, vellíðan nemenda og samhljóm í skólasamfélaginu.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og stjórnun hans og viðhorf foreldra til skólans eru jákvæð. Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans og eru samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og stefnu sveitarfélagsins.
- Stjórnandi er faglegur leiðtogi sem skapar svigrúm fyrir faglega samræðu og starfsþróun um nám og kennslu.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Stjórnandi hvetur kennara til að ígrunda starf sitt með framfarir og árangur nemenda að leiðarljósi.
- Starfsþróun og þróunarverkefni eru sameiginleg fyrir alla skóla sveitarfélagsins. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra og nemenda til að efla skólastarfið.
- Virk upplýsingagjöf er til foreldra um nám og líðan nemenda og skólastarfið í heild.
- Samskipti við grenndarsamfélag eru jákvæð.
- Góð samskipti eru við aðra grunnskóla á svæðinu, tónlistarskóla, framhaldsskóla og félagsmiðstöð.
- Niðurstöður skimana og kannana eru markvisst nýttar til umbóta í daglegu starfi.
- Stjórnandi stýrir og hefur góða þekkingu á umbóta- og breytingaferli.
- Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga er til staðar.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórnun skólans og daglegt skipulag.
- Nemendur í 1.-4. bekk fá ríflegan kennslutíma auk tíma til tómtunda á skólatíma.
- Starfsmannastefna, forvarnaráætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og rýmingaráætlun eru vel skilgreindar, koma fram í starfsáætlun og eru sameiginlegar fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Nemendur eru virkir í skólaráði og hafa rödd á sameiginlegum umræðu- og kynningarfundum hagsmunaaðila að hausti.
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir eru í samræmi við lög og reglugerðir.
- Unnið er markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Stjórnandi fylgist með námi og kennslu og veitir endurgjöf.
- Jákvæð samskipti, virðing, ábyrgð og gagnkvæmt traust einkenna skólastarfið.
- Stjórnandi er faglegur og virkur leiðtogi.

- Skipulögð samvinna fámennra skóla í sveitarfélaginu er um þróun skólastarfsins og starfsþróun.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í náms- og kennsluáætlunum.
- Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans.
- Virkja mætti skólaráðið enn frekar til samstarfs.
- Efla formleg samskipti við grenndarsamfélagið.
- Efla frekari samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði.
- Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi.
- Móta og skrá þróunar- og umbótaáætlun hvað varðar þau þróunarverkefni sem eru í gangi.
- Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðu skólans, setja inn nýjar og réttar upplýsingar og fjarlægja gamlar.
- Gæta þarf þess að nemendur fái samanlagðan tilskildan heildarkennslustundafjölda á starfsárum þeirra í grunnskóla.
- Fela kennurum aukna ábyrgð og umboð með verkefnum.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Um 89% svarenda í foreldrakönnun telja að börnum þeirra líði vel í skólanum og segjast fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barns síns.
- Skólanámskrá, almennur hluti er birt á heimasíðu skólans.
- Í almennum hluta skólanámskrár kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Gerð er skýr grein fyrir námsmati í skólanámskrá.
- Skólinn hefur sett sér stefnu um fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og fjölbreytt námsmat.
- Kennarar sýndu fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu, skipulag kennslutíma var gott og tíminn vel nýttur.
- Leiðbeinandi kennsluhættir sáust í um fjórðungi kennslustunda sem er hærra hlutfall en almennt gerist.
- Í áhugasviðsverkefnum reynir á frumkvæði og sjálfstæði nemenda.
- Nemendur taka þátt í að meta eigið nám og fá þjálfun í að leggja mat á eigin verk og vinnubrögð.
- Skólabragur er góður að mati allra viðmælenda.
- Unnið er með Uppbyggingarstefnuna með áherslu á jákvæð samskipti.

Tækifæri til umbóta

- Gera bekkjarnámskrár fyrir alla árganga og birta á heimasíðu.
- Fram komi í bekkjarnámskrám hvernig unnið er með grunnþætti og lykilhæfni.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsáætlunum.

- Vinna markvisst að því að efla árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Gera grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna í upphafi stundar.
- Auka áherslu á markvissa samvinnu nemenda.
- Setja tónmennt á stundaskrá nemenda.
- Auka við valgreinar nemenda í unglingadeild.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað og þjálfa nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er hluti af skólastarfinu.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við innra mat.
- Lýsing og mat á tilhögun innra mats á starfi skólans kemur fram í ársskýrslu.
- Matsvinna með Gæðagreinum stendur nú yfir og taka allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu.

Tækifæri til umbóta

- Móta og birta opinberlega heildstæða greinargerð um framkvæmd innra mats og umbætur í sérstöku skjali.
- Skilgreina þarf betur markmið, viðmið og leiðir um þann árangur sem stefnt er að.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaágerða.
- Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Grunnskólann á Þingeyri

Grunnskólinn á Þingeyri var stofnaður árið 1897. Skólahúsið er að Fjarðargötu 24 á Þingeyri. Þingeyri tilheyrir sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ.

Einkunnarorð skólans eru: Gleði, virðing, ábyrgð og samheldni. Skólinn er þéttbýlisskóli en tekur einnig nemendur úr dreifbýli í nágrenni skólans. Í skólanum er samkennsla árganga á yngsta stigi (1.-3. bekkur), á miðstigi (4.-7. bekkur) og elsta stigi (8.-10. bekkur).

Skólastjóri er einnig skólastjóri í leikskólanum Laufási en ekki er búið að sameina skólana og eru þeir reknir í tveimur einingum síðan 2017.

Í skólanum eru 35 nemendur á vorönn 2019.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	
Fjöldi nemenda	3	5	4	5	4	1	3	4	4	2	
Samkennsluhópar	12			13				10			

Einn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, einn er með einstaklingsnámskrá og sex nemendur eru með skilgreinda sérkennslu.

Nemendur af erlendum uppruna eru 11 skólaárið 2018-2019.

Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi á yfirstandandi skólaári.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	2	2	2	4	4	4	4	4	4	4

Við Grunnskólann á Þingeyri starfa átta starfsmenn; skólastjóri, fimm kennarar í alls 5,3 stöðugildum og tveir skólaliðar í alls 1,8 stöðugildi, þeir sinna einnig stuðning í bekk, húsvörslu og ræstingu. Auk þeirra er einn stundakennari sem kennir íþróttir í sex stundir.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvinna um stefnumótun

Stjórnandi hefur forystu um og leggur áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum og kemur það skýrt fram í stefnu skólans, skólanámskrá og viðtölum við stjórnanda, kennara og foreldra. Unnið er samkvæmt stefnu, sýn og starfsmarkmiðum skólans og sveitarfélagsins fyrir skólaárið 2018-2019 sem sjá má í starfsáætlun og í daglegu starfi með nemendum.

Stjórnandi stuðlar að og leggur áherslu á jákvæðni og samheldni í skólastarfinu meðal nemenda, starfsmanna og foreldra. Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinberar, birtar á vefsíðu skólans og endurskoðaðar reglulega með öllum aðilum skólasamfélagsins. Gerð er grein fyrir grunnþáttum menntunar og lykilhæfni í skólanámskrá og hvernig unnið er að þessum þáttum í skólastarfinu. Starfsmarkmið skólans fyrir skólaárið 2018-19 koma fram í skólanámskrá, þar kemur einnig fram hvernig unnið skuli með starfsmarkmiðin í námi og kennslu nemenda. Í náms- og kennsluáætlunum kemur þó ekki fram hvernig unnið er með stefnu skólans. Stjórnandi vinnur með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.

1.2 Faglegt samstarf og samvinna

Stjórnandi hefur faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu. Fram kemur í viðtölum við starfsmenn og stjórnanda að stjórnandi skapar svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna og hvetur kennara til að þróa kennsluhætti sína. Stjórnandi hvetur kennara til faglegrar samræðu, að ígrunda starf sitt með framfarir og árangur nemenda að leiðarljósi. Stjórnandi leggur sig fram um innleiða og viðhalda þróun skólasamfélagsins. Skólastarfið ber skýr merki þess að megináherslan er á nám og árangur nemenda.

Stjórnandi fylgist með og heldur utan um skráningu á starfsþróun starfsmanna. Stjórnandi og starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem liðsheild og kemur það skýrt fram í viðtölum við þessa aðila.

Fámennir skólar á svæðinu eru með skipulagt samstarf og starfsþróun bæði fyrir stjórnendur og kennara. Skóla- og tómsundasvið sveitarfélagsins í samvinnu við skólastjóra skipuleggur einnig starfsþróun og þróunarverkefni sem eru sameiginleg fyrir alla skóla Ísafjarðarbæjar

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti, viðhorf og tengsl eru jákvæð og gagnvirk í skólasamfélaginu. Fram kemur í viðtölum við stjórnanda, starfsmenn og foreldra að litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í þróun og skipulagi skólastarfsins. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun og á haustin er haldinn kynningar- og samræðufundur um skólastarfið sem nefnist „Hvað gerir góðan skóla góðan“. Þar er leitað eftir sýn og hugmyndum foreldra og nemenda til að efla skólastarfið. Stjórnandi vinnur

að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu með því meðal annars að vera sýnilegur, ávallt til staðar og taka virkan þátt í daglegu starfi. Upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu en uppfæra þarf síðuna og hreinsa út gamlar upplýsingar sem eru í bland við nýjar.

Umsjónarkennarar senda reglulega út fréttabréf um starfið í nemendahópnum. Stjórnandi boðar skólaráðið reglulega til fundar, gert er ráð fyrir tveimur fundum á ári. Á þessu skólaári hefur verið haldinn einn skólaráðsfundur. Foreldrafélag er við skólann sem tekur virkan þátt í ýmsum viðburðum yfir skólaárið, s.s. jólaföndri og vordegi.

Það eru nokkur samskipti við grenndarsamfélagið, nemendur fara reglulega og lesa og syngja í leikskólanum og fyrir eldri borgara. Önnur samskipti eru ekki formleg en unnið hefur verið með fiskeldisfyrirtækinu í bænum, m.a. með heimsóknum nemenda.

Félagsmiðstöð er starfrækt eftir skóla en einnig fara nemendur á Ísafjörð til að stunda þær íþróttir sem ekki er hægt að stunda á Þingeyri. Haldinn er einn kynningarfundur á ári fyrir nemendur 10. bekkjar með Menntaskólanum á Ísafirði. Töluvert samstarf er á milli fámennu skólanna í sveitarfélaginu hvað varðar félagsstarf nemenda, t.d. sameiginlegar skemmtanir og heimboð.

Foreldrakönnun var send út í tengslum við ytra matið og bárust svör frá 51% foreldra. Almenn ánægja kemur fram um skólastarfið í heild. Þar eru um 89% svarenda því mjög eða frekar sammála að skólanum sé vel stjórnað og sama hlutfall eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: *Þegar á heildina er litið er ég ánægð/ur með skólann.*

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Fjallað er um innra mat/sjálfsmat og þróunarverkefni í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-19. Í ársskýrslu fyrir skólaárið 2017-18 kemur fram hvernig til hefur tekist að vinna með helstu markmið og áherslur í skólastarfinu og tillögur til umbóta. Í viðtölum við stjórnanda og kennara kemur fram að mat á árangri nemenda, námi og kennslu sé stöðugt í gangi og að niðurstöður skimana og kannana séu nýttar markvisst til umbóta í daglegu starfi með nemendum en verklagið er ekki skráð.

Stjórnandi vinnur við innra mat og sýnir þekkingu og skilning á umbóta- og breytingaferli. Fram kemur í viðtölum við kennara að stjórnandi hvetur þá til þróunarstarfs og veitir þeim stuðning og ráðgjöf og tryggir viðeigandi starfsþróun. Nokkur þróunarverkefni eru í gangi og má þar m.a. nefna innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi. Einnig er verið að vinna í Mentor með hæfniviðmið og lykilhæfni við skipulag náms og kennslu og mat á árangri nemenda.

Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga eru til staðar en óljóst er hvernig verklagi er háttað þar sem það er ekki skráð hvernig gögn eru nýtt eða upplýsingum komið á framfæri til nemenda, foreldra og hagsmunaaðila. Leggja þarf fram sérstaka þróunar- og umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðslufirvalda, svo og upplýsingum úr innra og/eða ytra mati á starfinu.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Það eru 35 nemendur í skólanum og er þeim kennt í þremur deildum; 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Við skólann starfa stjórnandi, námsráðgjafi sem er jafnframt staðgengill skólastjóra og kennari, fimm kennarar og tveir almennir starfsmenn. Stjórnandi er án kennsluskyldu þar sem hann stýrir bæði leik- og grunnskólanum. Fram kemur í viðtölum við foreldra, nemendur og starfsmenn að mjög góð sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og daglegt skipulag.

Í starfsáætlun kemur fram að skóladagar nemenda séu 180 og þar af skertir dagar þrír en þegar farið er yfir skóladagatalið koma einungis fram 177 skóladagar nemenda og 5 starfsdagar kennara. Kennslustundafjöldi nemenda í 1.-3. bekk er 33,25 tímar auk tveggja tíma í tómstund. Kennslustundafjöldi nemenda í 4. bekk er 31,25 tímar auk tveggja tíma í tómstund. Viðmiðunarstundir þessara hópa er 30 kennslustundir á viku þannig að hér er vel í lagt. Kennslustundafjöldi nemenda í 5.-7. bekk er 32,25 stundir og undir viðmiðunarstundaskrá en þessi hópur á að fá 35 stundir á viku. Kennslustundafjöldi nemenda í 8.-10. bekk er alveg á mörkum viðmiðunartöflu, 36,3 stundir en á að vera 37 tímar á viku. Þar sem kennslustundafjöldi nemenda í 5.-7. bekk er undir viðmiðunartöflu og kennslustundafjöldi nemenda í 1.-4. bekk er yfir viðmiðunartöflu þarf að gæta þess að nemendur fái þann heildarkennslustundafjölda sem þeir eiga að fá samanlagt í 1.-10. bekk.

Heimasíða skólans inniheldur hagnýtar upplýsingar um skólastarfið en þar eru þó engar eða litlar upplýsingar um námshópa, námsvísa eða kennsluáætlanir. Þar er einnig að finna gamlar upplýsingar, s.s. gamlar stundaskrár og skólanámskrá. Endurskoða þarf og uppfæra síðuna.

Stjórnandi, starfsmenn, foreldrar og nemendur komu að endurskoðun skólareglna. Nemendaráð er kosið árlega af nemendum í 7.-10. bekk, nemendur eru virkir í skólaráði og hafa rödd á sameiginlegum umræðu- og kynningarfundum hagsmunaaðila að hausti. Nemendum er kynnt netöryggi. Fram kemur í starfsáætlun að unnið er samkvæmt starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar hvað varðar starfsmannamál, eineltismál, forvarnir og jafnrétti.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnandi vinnur markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal starfsmanna, nemenda og foreldra. Kennslu og skipulagi er skipað niður meðal kennara og starfsmanna miðað við menntun og áhugasvið eftir því sem kostur er. Stjórnandi fylgist reglulega með námi og kennslu og veitir kennurum og starfsmönnum endurgjöf á störf sín. Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að þau eru mjög ánægð með stjórnanda og hans störf og að þeim er reglulega hrósað fyrir störf sín.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og stjórnandi skráir og heldur utan um starfsþróun starfsmanna. Réttindi og skyldur starfsmanna eru skráðar í starfsáætlun. Fram kom í viðtölum við stjórnanda og kennara að ávallt sé hægt að leita til Skóla- og tómstundasviðs sveitarfélagsins eftir ráðgjöf og stuðningi.

1.7 Leiðtogaæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnandi sinnir eigin starfsþróun og hvetur aðra starfsmenn til virkrar starfsþróunar. Ábyrgðar- og verkaskipting er skýr og fram kemur í viðtölum við kennara og starfsmenn að þeir upplifa traust og umboð til starfa sinna. Mannauður er nokkuð vel nýttur og stjórnandi felur starfsmönnum ábyrgð og umboð með ákveðnum verkefnum. Fram kom í viðtölum við kennara mikil ánægja með stjórnanda sem er faglegur, virkur og framkvæmdasamur en mætti að ósekju fela þeim frekari ábyrgð og umboð.

Fram kom einnig í viðtölum að fámennu skólarnir í sveitarfélaginu vinna töluvert saman að starfsþróun stjórnenda og kennara sem og þróun skólastarfsins. Þar má nefna að allir skólarnir setja sér starfsmarkmið skólaársins og þar er áhersla lögð á vellíðan, lestur og stærðfræði, auk þess að vinna sameiginlega að ýmsum viðburðum fyrir nemendur á svæðinu. Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar veitir einnig ráðgjöf og stuðning og hefur forgöngu um starfsþróun stjórnenda og kennara ef þess er óskað.

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum, jákvæðan skólabrag, vellíðan nemenda og samhljóm í skólasamfélaginu.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og stjórnun hans og viðhorf foreldra til skólans eru jákvæð. Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans og eru samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og stefnu sveitarfélagsins.
- Stjórnandi er faglegur leiðtogi sem skapar svigrúm fyrir faglega samræðu og starfsþróun um nám og kennslu.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Stjórnandi hvetur kennara til að ígrunda starf sitt með framfarir og árangur nemenda að leiðarljósi.
- Starfsþróun og þróunarverkefni eru sameiginleg fyrir alla skóla sveitarfélagsins. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra og nemenda til að efla skólastarfið.
- Virk upplýsingagjöf er til foreldra um nám og líðan nemenda og skólastarfið í heild.
- Samskipti við grenndarsamfélag eru jákvæð.
- Góð samskipti eru við aðra grunnskóla á svæðinu, tónlistarskóla, framhaldsskóla og félagsmiðstöð.
- Niðurstöður skimana og kannana eru markvisst nýttar til umbóta í daglegu starfi.
- Stjórnandi stýrir og hefur góða þekkingu á umbóta- og breytingaferli.
- Þróunarvinna, umbætur og innleiðing breytinga er til staðar.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórnun skólans og daglegt skipulag.
- Nemendur í 1.-4. bekk fá ríflegan kennslutíma auk tíma til tómsunda á skólatíma.
- Starfsmannastefna, forvarnaráætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og rýmingaráætlun eru vel skilgreindar, koma fram í starfsáætlun og eru sameiginlegar fyrir alla skóla sveitarfélagsins.
- Nemendur eru virkir í skólaráði og hafa rödd á sameiginlegum umræðu- og kynningarfundum hagsmunaaðila að hausti.
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir eru í samræmi við lög og reglugerðir.
- Unnið er markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Stjórnandi fylgist með námi og kennslu og veitir endurgjöf.
- Jákvæð samskipti, virðing, ábyrgð og gagnkvæmt traust einkenna skólastarfið.
- Stjórnandi er faglegur og virkur leiðtogi.
- Skipulögð samvinna fámennra skóla í sveitarfélaginu er um þróun skólastarfsins og starfsþróun.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í náms- og kennsluáætlunum.
- Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans.
- Virkja mætti skólaráðið enn frekar til samstarfs.
- Efla formleg samskipti við grenndarsamfélagið.

- Efla frekari samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði.
- Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi.
- Móta og skrá þróunar- og umbótaáætlun hvað varðar þau þróunarverkefni sem eru í gangi.
- Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðu skólans, setja inn nýjar og réttar upplýsingar og fjarlægja gamlar.
- Gæta þarf þess að nemendur fái samanlagðan tilskildan heildarkennslustundafjölda á starfsárum þeirra í grunnskóla.
- Fela kennurum aukna ábyrgð og umboð með verkefnum.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Ísafjarðarbæjar nær til grunnskólanna fjögurra í sveitarfélaginu. Lestrarstefna Ísafjarðarbæjar hefur einnig verið gefin út og er unnið eftir henni í skólanum. Einkunnarorð skólans eru: Gleði, ábyrgð, virðing og samheldni. Skólanámskrá Grunnskólans á Þingeyri er birt á heimasíðu skólans. Í inngangi kemur fram að skólanámskráin er sett upp í þremur aðskildum hlutum, almennur hluti, starfsáætlun og bekkjarnámskrár. Í tveim þeim fyrrnefndu er að finna flesta þá þætti sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir að birtist í skólanámskrá, m.a. er ítarlega fjallað um grunnþætti menntunar og hvernig unnið er að markmiðum hvers þáttar. Þessir þættir koma aftur á móti ekki fram í bekkjarnámskrám og heldur ekki hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Bekkjarnámskrár á heimasíðu eru frá fyrri árum og náms- og kennsluáætlanir eru ekki birtar á síðunni. Þær eru að sögn kennara og nemenda birtar á Mentor. Í sýnishornum sem liggja fyrir við matið eru ýmist sett fram hæfniviðmið eða markmið, sagt er frá kennsluáferðum og leiðum og hvernig námsmati verður háttáð. Stuðningur við nemendur fer ýmist fram innan námshópsins eða utan og gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi.

2.2. Árangur náms

Samkvæmt mælingum á samræmdum könnunarprófum sem nemendur þreyta í 4., 7. og 9. bekk (var 10. bekkur) er árangur nemenda skólans oft undir meðaltali jafnaldrar. Þar sem hver árgangur er fámennur er tekið saman uppsafnað meðaltal þessara árganga. Árangur í íslensku hjá 4. bekk 2014-2018 hefur aukist á þessum árum og er nú við landsmeðaltal en á sama tíma hefur árangur í stærðfræði dalað. Í 7. og 10. bekk er árangur undir landsmeðaltali þessi ár og dalar hjá 10. bekk. Niðurstöður námsmats og samræmdra könnunarprófa eru ræddar, segir í rýnihópi og hjá skólastjóra kemur fram að gerð hafi verið umbótaáætlun í stærðfræði í ljósi niðurstaðna. Listi yfir skimanir og kannanir frá Ísafjarðarbæ liggur fyrir en ekki kemur fram hvernig unnið er með niðurstöður.


Nemendur taka þátt í Skólapúlsinum og þannig er fylgst með líðan þeirra og viðhorfum til námsins. Niðurstöður liggja ekki fyrir við matið en í rýnihópi kennara koma fram að farið er ítarlega yfir niðurstöður, rætt hvað þurfi að gera og það síðan kynnt fyrir nemendum og foreldrum.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið telja um 89% svarenda að börnum þeirra líði vel í skólanum og þeir eru ánægðir með skólann og stjórnun hans. Um 72% svarenda segjast fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins.

Samræmd könnunarpróf


Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.

4. bekkur



Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið að aukast þegar skoðað er uppsafnað meðaltal 2014-2018 og mældist við landsmeðaltal. Árangur í stærðfræði dalaði 2014-2018 og mældist nokkuð undir meðaltali.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur fylgst nokkuð að en verið aðeins hærrí í íslensku. Bæði fögin mælast mikið undir landsmeðaltali. Árangurinn jókst nokkuð 2011-2014 í báðum fögum og hefur verið svipaður síðan.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Nemendafjöldi var undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Árangur nemenda þetta ár var yfir landsmeðaltali í öllum greinum og sérstaklega góður í ensku.

10. bekkur




Árangur í 10. bekk í öllum metnum fögum hefur dalað og mældist nokkuð undir landsmeðaltali þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2013-2017. Bestur var árangurinn í íslensku en lakastur í ensku.

Lesferill

Myndir af Lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu.

2.3 Gæði kennslu

Skólinn hefur sett sér stefnu um fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám eins og fram kemur í starfsáætlun. Kennarar sýndu fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu, skipulag kennslutíma var gott og tíminn vel nýttur. Matsmenn voru á vettvangi í alls 13 kennslustundum hjá yngstu, mið- og elstu deild í fjölbreyttum námsgreinum. Þessar kennslustundir voru allar metnar góðar.



Kennsluáherslur sem matsmenn sáu á vettvangi voru í rúmlega helmingi stunda bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur að vinna í verkefnabækur sínar. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í 23% stundanna og 23% metinna kennslustunda voru skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms sem er hærra hlutfall en almennt gerist.


Í kennsluáætlunum er ekki sérstaklega fjallað um tilhögun námsaðlögunar en í íslensku og stærðfræði vinna nemendur í ólíkum námsbókum eftir einstaklingsáætlun eða áætlun fyrir árganginn. Í náms- og kennsluáætlunum er gerð skýr grein fyrir námsmati, það er fjölbreytt og nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám. Innleiðing hæfniviðmiða er komin vel á veg segir í starfsáætlun og þar segir: „Mikilvægt er að nemendur viti hvað er verið að meta og verði meðvitaðir um hæfni sína.“

Nemendur í rýnihópi sögðu verkefni misjafnlega krefjandi en „kennarar [eru] mjög góðir og maður fær hjálp mjög fljótt og þeir sem þurfa meiri aðstoð fá hana“. Bráðgerir nemendur fá tækifæri til að fara á eigin hraða.

2.4 Skipulag náms

Samkennsla er í yngstu deild, 1.-3. bekk, á miðstigi 4.-7. bekk og elstu deild, 8.-10. bekk. Fjallað er um samkennsluna í skólanámskrá, þar segir m.a.: „Samkennsla byggir á sjálfstæðum vinnulotum nemenda og góðu námsskipulagi“. Fjöldi nemenda í námshópi í metnum kennslustundum var á bilinu fjórir til 13 nemendur, stundir í sérkennslu ekki meðtaldar. Samskipti voru almennt mjög jákvæð milli nemenda og milli nemenda og kennara.

Kennslu- og námsáherslur þar sem nemendur vinna einir við nám var í 77% kennslustunda sem matsmenn mátu. Markviss samvinna nemenda var í 8% stunda og að auki sást samvinna að hluta í rúmlega 16% stunda. Umræður og skoðanaskipti voru ekki stór hluti í námi og kennslu sem matsmenn sáu á vettvangi.



Nemendur nýttu upplýsingatækni í námi sínu í tæplega 40% stunda sem matsmenn heimsóttu en kennarar sjaldnar við kennslu.

Á stundatöflum nemenda sem liggja fyrir við matið eru list- og verkgreinar skráðar í 240 mínútur á viku í 1.-7. bekk sem uppfyllir viðmið í aðalnámskrá. Tónmennt er ekki á stundaskrá nemenda. Nemendur í 8.-10. bekk eru með skilgreint val á stundaskrá fjórar kennslustundir í viku. Það uppfyllir ekki kröfu um að val á unglingsstigi skuli vera um fimmtungur námstímans eða um sjö kennslustundir á viku hjá hverjum árgangi. Á stundatöflum allra nemenda eru tvær stundir í áhugasviðsvali en þá hafa nemendur

frjálsar hendur um að velja sér verkefni til að vinna að og gera um það samning við umsjónarkennara. Í lokin er verkefnið metið, m.a. út frá frumkvæði og sjálfstæði nemenda.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir í námi og virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru. Nemendur í rýnihópi sögðust setja sér markmið fyrir önnina og þau kannast við hæfniviðmið úr áætlunum. Nemendur taka þátt í að meta eigið nám og þau fá þjálfun í að leggja mat á eigin verk og vinnubrögð, m.a. í textíl. Í vettvangsathugunum sáust fjölbreytt vinnubrögð nemenda.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Skólabragur er góður að mati allra viðmælenda. Starfsfólk og nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Unnið er með Uppbyggingarstefnuna með áherslu á jákvæð samskipti, kennslu sjálfsaga, sjálfsstjórnar og uppbyggilegra samskipta eins og segir í skólanámskrá. Þessar áherslur endurspeglast hjá viðmælendum í rýnihópum. Bekkjarfundir eru haldnir á miðstigi og nemendur í rýnihópi sögðu frá skólaþingi sem haldið er á Ísafirði, „er verið að vinna í því sem kom þar fram s.s. tólmstundarúttunni var breytt“. Nemendaráð er kosið árlega af nemendum í 7.-10. bekk og vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendur í rýnihópi sögðust hafa áhrif á félagsstarfið en síður á námið. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda í Skólapúlsinum og unnið með niðurstöður sem þar koma fram.

Styrkleikar

- Um 89% svarenda í foreldrakönnun telja að börnum þeirra líði vel í skólanum og segjast fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barns síns.
- Skólanámskrá, almennur hluti er birt á heimasíðu skólans.
- Í almennum hluta skólanámskrár kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Gerð er skýr grein fyrir námsmati í skólanámskrá.
- Skólinn hefur sett sér stefnu um fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og fjölbreytt námsmat.
- Kennarar sýndu fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu, skipulag kennslutíma var gott og tíminn vel nýttur.
- Leiðbeinandi kennsluhættir sáust í um fjórðungi kennslustunda sem er hærra hlutfall en almennt gerist.
- Í áhugasviðsverkefnum reynir á frumkvæði og sjálfstæði nemenda.
- Nemendur taka þátt í að meta eigið nám og fá þjálfun í að leggja mat á eigin verk og vinnubrögð.
- Skólabragur er góður að mati allra viðmælenda.
- Unnið er með Uppbyggingarstefnuna með áherslu á jákvæð samskipti.

Tækifæri til umbóta

- Gera bekkjarnámskrár fyrir alla árganga og birta á heimasíðu.
- Fram komi í bekkjarnámskrám hvernig unnið er með grunnþætti og lykilhæfni.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsáætlunum.
- Vinna markvisst að því að efla árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.

- Gera grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna í upphafi stundar.
- Auka áherslu á markvissa samvinnu nemenda.
- Setja tónmennt á stundaskrá nemenda.
- Auka við valgreinar nemenda í unglingsdeild.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð og þjálfa nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægt sem hluti af skólastarfinu. Fjallað er um fyrirkomulag innra mats/sjálfsmats og helstu áherslur til næstu fimm ára í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-19.

Í ársskýrslu fyrir skólaárið 2017-18 kemur fram hvernig til hefur tekist að vinna með helstu markmið og áherslur í skólastarfinu og tillögur til umbóta sem hefur áhrif á mótun starfsáætlunar fyrir næsta skólaár, að sögn stjórnanda. Umfjöllun um innra mat er ekki að finna í skólanámskrá.

Í starfsáætlun og í viðtölum kemur fram að hafin er vinna með matsþætti Gæðagreina meðal stjórnanda og starfsmanna og fyrirhugað er að skólaráð, nemendur og foreldrar komi að þeirri vinnu síðar. Skóla- og tómstundasvið sveitarfélagsins vinnur með skólum í sveitarfélaginu að innleiðingu gæðagreina og veitir stuðning og ráðgjöf við þá þróunarvinnu.

Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur og foreldra og starfsmannakönnun er lögð fyrir á vegum Ísafjarðarbæjar. Niðurstöður kannana eru kynntar skólaráði, starfsmönnum, foreldrum og nemendum. Ekki kemur fram í skólanámskrá eða starfsáætlun 2018-19 hvernig skilgreind viðmið um árangur eða leiðir að markmiðum eru metnar í innra mati.

3.2 Framkvæmd

Fram kemur í ársskýrslu að fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að meta skólastarfið. Framkvæmd innra mats er á höndum stjórnanda en ekki er um að ræða teymi hagsmunaaðila sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats. Hagsmunaaðilar geta þó haft áhrif á skipulag og framkvæmd skólastarfsins í gegnum skólaráð og með árlegum kynningar- og umræðufundum.

Í viðtölum við stjórnanda og kennara kom fram að mat á árangri og störfum sé stöðugt í gangi og að niðurstöður skimana og kannana séu nýttar markvisst til umbóta í daglegu starfi með nemendum. Stjórnandi fylgist með, metur kennslu hjá kennurum og veitir endurgjöf a.m.k. einu sinni á ári fyrir starfsþróunarsamtöl. Vinna starfsmanna að innra mati með Gæðagreinum hófst á þessu skólaári.

3.3 Umbætur

Lýsing, mat og upplýsingar um tilhögun innra mats má finna í ársskýrslu skólans fyrir 2017-18 en ekki liggur fyrir sérstök greinargerð um innra mat, skipulag, framkvæmd og umbætur. Niðurstöður innra mats eru kynntar og ræddar í skólaráði og á fundi með hagsmunaaðilum að hausti. Í ársskýrslu 2017-18 kemur fram almenn umfjöllun og mat á helstu áherslum skólastarfsins, styrkleikum og hvaða tækifæri séu til umbóta. Fram kom í viðtölum við stjórnanda og kennara að matsniðurstöður hafi áhrif á starfshætti skólans. Heildstæð greinargerð um innra mat og umbótaáætlun er ekki til staðar.

Styrkleikar

- Innra mat er hluti af skólastarfinu.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við innra mat.
- Lýsing og mat á tilhögun innra mats á starfi skólans kemur fram í ársskýrslu.
- Matsvinna með Gæðagreinum stendur nú yfir og taka allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu.

Tækifæri til umbóta

- Móta og birta opinberlega heildstæða greinargerð um framkvæmd innra mats og umbætur í sérstöku skjali.
- Skilgreina þarf betur markmið, viðmið og leiðir um þann árangur sem stefnt er að.
- Vinna nákvæma umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaágerða.
- Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.